

307. fundur

Fimmtudaginn 11. desember 2024, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson og Sigurbjörg Ottesen. Hálf dán Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson og Steinunn Bragadóttir sátu fundinn í gegnum fjárfundarþúnað. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verklagsreglur

Farið var yfir verklagsreglur nefndarinnar sem útlísta verkefni hennar og skyldur. Umræður í tengslum við nýjan verðlagsgrundvöll. Þá var sammælt um að nefndin setji sér einfaldar starfsreglur um praktísk atriði í störfum sínum. Drög að slíkum reglum verða lagðar fram á næsta fundi.

2. Iðnaðarlíkan og afurðastöðvar - kynning

Farið var yfir kynningu á almennri starfsemi afurðastöðva í mjólkuriðnaði og breytingar í rekstri frá undanfarna áratugi. Til lengri tíma hafa verið gerðar ýmsar skipulagsbreytingar sem hafa skilað hagræðingu fyrir greinina og ábata til neytenda. Farið var yfir allar helstu forsendur sem snúa að uppbyggingu og útreikningi iðnaðarlíkansins, sem stuðst er við þegar heildsöluverðsákvörðanir eru teknar. Engar athugasemdir en ákveðið að á nefndartímanum yrði gerð ítarlegri skoðun á reiknilíkaninu og tekin ákvörðun í kjölfarið, hvort tilefni sé til endurskoðunar til samræmis við nýjan verðlagsgrundvöll.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús – kynning

Yfirferð á þeirri vinnu sem hefur staðið yfir við ýmis tæknileg atriði, uppsetningu og formlega útfærslu verðlagsgrundvallar. Þá var stuttlega farið yfir efnisyfirlit greinargerðar sem er í vinnslu og mun útlísta allar forsendur nýs verðlagsgrundvallar. Verður tekið fyrir aftur og afgreitt á næsta fundi.

4. Verðlagsgrundvöllur - verðlagning

Framreikningur á nýja og eldri verðlagsgrundvelli lagður fram. Lágmarksverð mjólkur var breytt 1. október sl., byggt á verðlagsgrundvelli september mánaðar. Síðan þá hafa gjaldaliðir eldri verðlagsgrundvallar hækkað um 1,12%. Nýr verðlagsgrundvöllur liggur nú fyrir og er formleg innleiðing hans í ferli. Farið var yfir mismunandi reikniforsendur í nýja og eldri verðlagsgrundvöllinum. Þriggja mánaða breyting á nýja verðlagsgrundvöllinum, frá júlí-október, gefur til kynna 0,8% hækkun á gjaldaliðum. Breyting frá ágúst-október er 0,7% og frá september-október er 0,5%. Reikniforsendur eldri verðlagsgrundvallar miðast við nýjustu vísitölur og upplýsingar sem eru tiltækar á hverjum tíma. Þannig byggir verðlagsgrundvöllurinn nú sem dagsettur er í desember á þriggja mánaða breytingu, ýmist frá ágúst-nóvember eða frá júlí-október eftir því frá hvaða tíma nýjustu tiltekin vísitölugildi liggja fyrir. Nýr verðlagsgrundvöllur er frábrugðinn að því leyti að allir gjaldaliðir eru framreiknaðir frá sama mánuði (n), til sama mánaðar (n+3) og miðast dagsetning hvers verðlagsgrundvallar við þann mánuð sem reiknað er til. M.ö.o. nýi verðlagsgrundvöllurinn er dagsettur í október að þessu sinni, þar sem allar vísitölur um fyrir október lágu fyrir við framreikning. Þessi framkvæmd er liður í að einfalda útreikninga og gera kleift að fylgjast nánar og tíðar með þróun verðlagsgrundvallar.

Þá var lagt fram erindi fulltrúa BÍ til verðlagsnefndar um tekjugrunn mjólkurframleiðenda. Þar kemur fram að áætlaðar heildartekjur mjólkurframleiðenda í október 2024 sé um 198,4 kr./ltr á en áætlaður framleiðslukostnaður sé 306 kr./ltr skv. verðlagsgrundvelli í september 2024, því sé um verulegt rekstrartap að ræða. Óskað er eftir umræðu í nefndinni um leiðir til að brúa bilið milli gjaldaliða og tekna. Eftir umræður um niðurstöður verðlagsgrundvallar og framlagt erindi, var ákveðið að fresta verðákvörðun til næsta fundar. Nefndarmenn voru sammála um að ekki væri ráðlegt að brúa bilið eingöngu með verðhækkun heldur að aðkomu stjórnvalda þyrfti til. Þar sem millibilsástand ríki í ljósi nýafstaðinna kosninga, stutt sé síðan heildsöluverð var hækkað og innleiðing nýs verðlagsgrundvallar í ferli, var niðurstaðan að fresta ákvörðun að sinni. Næsti fundur er fyrirhugaður í lok janúar eða byrjun febrúar.

Bókun. Fulltrúar Bændasamtakanna gagnarýna afgreiðslu liðarins „Verðlagning“. Verðlagning til bænda á ekki að vera háð því hvenær heildsöluverð hækkar. Samkvæmt búvörulögum skal lágmarksverð mjólkur byggjast á gerð verðlagsgrundvallar. Nú hefur nýr grunnur verið samþykktur og því óforsvaranlegt að styðjast ekki við hann. Ef ekki er hægt að verðleggja eftir nýja grunninum af einhverjum ástæðum, skal verðleggja eftir gamla grunninum.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson